

Fundargerð
365. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 20. febrúar 2019, kl. 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
 2. Fundargerð síðasta fundar
 3. **Félagsstjórnarfundur 13. febrúar**
 - Afgreiðsla fjárhagsáætlunar Austurlandsdeildar
 - Afgreiða tillögu til breytinga á úthlutunarreglum starfsmennta- og starfsþróunarsjóð?
 - Hópefli félagsstjórnar, helgi í Kiðjabergi
 - Viðbótarfjármagn til deilda á stórafmælisárum, verklag
 4. **Trúnaðarmannaráðsfundur 14. febrúar, yfirferð**
 - Greiðsla til „trúnaðarmanna“
 5. **Þátttaka í Verkiðn, skipulag á kynningu 14. – 16. mars**
 6. **Mælaborð, Mannaflaspá 2020 – 2050 framgangsgreining – örorkugreining**
 7. **Komandi kjaraviðræður, undirbúningur**
 8. **Grasrótarfundir vegna komandi kjarasamninga**
 9. **Besök til Íslands, 23. – 26. apríl 2019**
- Önnur mál

Fundargerð

1. **Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.
2. **Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. **Félagsstjórnarfundur 13. febrúar, yfirferð**
 - SBF fór yfir að ekki hafi náðst að afgreiða fjárhagsáætlun Austurlandsdeildar á fundi félagsstjórnar vegna skorts á upplýsingum. Nú væru upplýsingarnar komnar í hús og Jóna Jóhanna gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu deildarinnar og ákveðið var að deildin fái 200.000 kr. þetta árið.

- Rætt var um umræðuna á fundi félagsstjórnar þ.s. lagt var til að breyta reglum um úthlutun úr starfsmenntasjóðum félagsins. Ákveðið að fara nánar yfir málið á næsta fundi framkvæmdastjórnar.
- Rætt um hópeflisfund félagsstjórnar sem ræddur var á síðasta fundi stjórnar. Ákveðið að ræða málið frekar síðar, en stefnt að september, október í Kiðjabergi.
- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) fór yfir að gott væri að hafa ákveðnar nokkuð fastbundnar reglur um viðbótarfjármagn til deilda á stórafmælisárum. Málið rætt og farið yfir reglurnar sem eru í gildi og ákveðið að forma reglurnar á haustfundi félagsstjórnar.

4. Trúnaðarmannaráðsfundur 14. febrúar

- SBF fór yfir gang dagsins/fundarins og helstu atriði og rætt var um að erindin hafi verið áhugaverð og áhugi og þátttaka trúnaðarmanna mikil. Mætingin var góð, en ekki áberandi fjölgun frá fyrri fundum, eins og jafnvel var reiknað með. Fram kom hjá stjórnarmönnum að þessir fundir væru nauðsynlegir til að fá sem bestar upplýsingar um stöðu sjúkraliða um allt land.
- Farið var yfir hver fjöldi umsókna hefði verið á fundi Trúnaðarmannaráðs og að fjöldinn allur af þeim sem væru í trúnaðarstörfum á vegum félagsins væru í fleiri en einu og/eða jafnvel tveimur trúnaðarstörfum. Rætt var um hvort greiða ætti þeim sem störfuðu í virkum starfsnefndum félagsins og ákveðið að eðlilegt væri að greiða þeim, enda í mikilvægum trúnaðarstörfum.

5. Þátttaka í Verkið, skipulag á kynningu félagsins/námsins

Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ kom á fundinn og fór yfir helstu atriði varðandi kynningu á félaginu og námi sjúkraliða. Áhersla verður á að fá yngri sjúkraliða til að kynna störfin og námið og þeir eldri og reyndari verða þeim innan handa, en yfirumsjón hefur Jakobína Rut Daníelsdóttir við skipulagningu. Ákveðið að dreifa bréfpokum sem merktir verða logói félagsins og hjartalógóinu. Í pokanum verða buff, bæklingur, mynntur og penni.

6. Beiðni SLFÍ um aðild að hjúkrunarráði LSH

SBF fór yfir gang þessa máls hingað til og viðbrögð við beiðninni innan stofnunarinnar.

SBF gerði grein fyrir að hún hefði nýverið ýtt við að málið yrði afgreitt. Búið er að ræða málið í hjúkrunarráði á LSH og þar var velt upp ýmsum vanköntum á því að sjúkraliðar verði fullgildir þátttakendur í ráðinu. Umræða var um í hjúkrunarráði LSH hvort sjúkraliðar mótuðu sitt eigið sjúkraliðaráð á LSH. Málið rætt og ýmsar hliðar skoðaðar, en lagt til að fallast á að fyrsta skrefið verði að sjúkraliðar verði með áheyrnarfulltrúa með málfrelsi, tillögurétt og hugsanlega starfshlutfall til að sinna þessum störfum.

7. „Mælaborð“, mannaflaspá 2020 – 2050, framgangsgreining – örorkugreining

SBF gerði grein fyrir að Gunnar Gunnarsson hagfræðingur hefði boðið fram krafta sína til að útbúa ákveðið mælitæki fyrir ákveðnar stéttir þ.s. hægt er að kalla fram helstu upplýsingar varðandi kjör, fjölda, starfsaldur o.m.fl. Málið rætt og ákveðið að fá GG á fund framkvæmdastjórnar þann 3. apríl.

8. Komandi kjaraviðræður SLFÍ

SBF fór yfir komandi kjarasamninga og undirbúning fyrir þá. Málið rætt og talað um að þrautseigja við samningaborðið sé gulls ígildi.

9. Grasróturfundir um land allt og í Reykjavík

SBF fór yfir að verið væri að skipuleggja og undirbúa fundi með sjúkraliðum um allt land þ.s. fara á yfir og ræða helstu áherslur í kjaramálum. Búið er að ákveða fundi á Hornafirði þann 4. mars, Austfjörðum 14. – 15. mars, Norðurlandi 28. – 29. mars og 12. mars á Reykjanesi, en aðrir fundarstaðir og tímar hafa ekki verið ákveðnir.

Þeir staðir sem stefnt er að fara á eru: Vesturland, Vestfirðir, Suðurland, Vestmannaeyjar, Reykjavík: Landspítali Landakot, Landspítali Hringbraut, Landspítali Fossvogur, Heimahjúkrun HH og Heimahjúkrun hjá Reykjavíkurborg. Þeir fundir sem ekki er komin dagsetning á verða skipulagðir með trúnaðarmönnum á viðkomandi stofnunum og formönnum deilda og auglýstir með fyrirvara.

10. Besøke til Íslands 23. -26. apríl 2019

SBF sagði frá að fyrir lægi að við tækjum á mót Norðmönnum í endann apríl þ.s. félagið og staða sjúkraliða á Íslandi verður kynnt.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18.06